

Aðalfundargerð 2024
Lóðafélagsins Móhelli 4, A-E
Miðvikudaginn 20. mars 2024 kl. 17:00

Haldinn í sal Kænunnar við Óseyrarbraut, Hafnarfirði.

1. Fundur settur

Formaður Jón Trausti Guðjónsson setti fundinn kl. 17:02 og lagði til að Ríkey Jóna Eiríksdóttir frá JCI yrði fundarstjóri og Margrét Helga Gunnarsdóttir fundarritari, var það samþykkt.

Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og hann því lögmætur, sjá fundarboð í fskj. 1.1.

Mætingalisti var látinn ganga til undirritunar viðstaddra, sjá fskj. 1.2.

Mætt var fyrir 29 bil af 201 eignahlutum hússins þar af eitt umboð sjá fskj 1.3

2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir atburði síðasta árs sjá fskj. 2.1.

3. Framlagning ársreikninga til umræðna og samþykktar

Lagður var fram ársreikningur 2023 og farið yfir niðurstöður hans, sjá fskj. 3.1

Niðurstaða rekstrar ársins var neikvætt um **kr. 2.818.983-** og **eigið fé í árslok jákvætt um kr. 1.037.776.-** Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kosning formanns

Jón Trausti Guðjónsson gaf kost á sér áfram til formennsku félagsins.

Ekki buðu fleiri sig fram og var Jón Trausti kjörinn formaður félagsins með lófataki.

5. Kosning tveggja stjórnarmanna

Kallað var eftir tilnefningum.

Árni G Sigurðsson og Kristján Albertsson buðu sig fram sem stjórnarmenn og voru þeir kjörnir samhljóða.

6.

7. Kosning tveggja varamanna

Kallað var eftir tilnefningum.

Baldur Vilhjálmsson og Friðbjörn Georgsson buðu sig fram sem meðstjórnendur og voru þeir kjörnir samhljóða.

8.

9. Kosning skoðunarmanna reikninga

Haukur Geir Garðarsson og Guðmundur Guðmundsson buðu sig fram sem skoðunarmenn og voru þeir samþykktir samhljóða.

10. Rekstraráætlun fyrir næsta ár til umræðu og samþykktar

Rekstraráætlun, sjá fskj. 8.1 lögð fram, útskýrð og rædd.

Rekstraráætlun fyrir árið 2024 hljóðar upp á **kr. 18.743.000.-**. Samþykkt samhljóða.

11. Framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár til umræðu

Jón Trausti kom upp og kynnti framkvæmdaáætlun. sjá fskj 9.1. Hann kynnti framkvæmdir vegna hitakerfis, Áætlaður kostnaður við að skipta út þrýstijöfnurum á bilinu 6-700 þús.

Kynnt var áætlun við að skipta út klæðningu á útveggjum, sjá einnig fskj. 9.1. Rætt um að 5 ára verkefni væri að ræða sem myndi þá rúmast innan rekstraráætlunar.

Framkvæmdir á regnvagnslögnum á 5 ára plani. Þarf að búa til lagnirnar, og yrði þá farið í þessar aðgerðir eins og fjármagn leyfir án frekari innheimtuaðgerða. Tillaga til samþykktar: Fundurinn samþykkir að stjórn komi í áform framkvæmdum við lagfæringu á hitakerfum. Utanhúslagfæring sem voru m.a. rædd á síðasta aðalfundi. Fyrstu skref í að bæta úr frárennsli yfirborðsvatns, með tengingu inn á frárennislögn bæjarins. Framkvæmdaáætlunin var lögð til samþykktar fyrir fundinn. Samþykkt samhljóða.

12. Ákvörðun húsgjalda fyrir komandi ár

Lagt var til að hús- og framkvæmdasjóðsgjöld verði hækkuð um 1000 kr úr 7000 kr og verði 8000 kr á mánuði frá og með 1. apríl 2024. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

13. Önnur mál


- a. engin önnur mál rædd


14. Fundargerð lesin og leiðrétt


Fundargerð send til yfirlestrar á stjórn.

15. Fundi slitið

Fundi slitið af fundarstjóra kl. 17:47


Ríkey Jóna Eiríksdóttir, fundarstjóri


Jón Trausti Guðjónsson, formaður


Margrét Helga Gunnarsdóttir, fundarritari